46
4. júní

2. gr.

Aðalumboðsmaður ber ábyrgð á greiðslu útsvarsins sem sjálfs sín skuld, enda má taka eignir hans lögtaki í því skyni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

4
4. júní

LÖG

um

aukaútsvör ríkisstofnana.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri. Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Engin stofnun ríkisins er aukaútsvarsskyld eftir efnum og ástæðum.

2. gr.

Verslunarstofnanir ríkissjóðs skulu greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem aðalaðsetur þeirra og útibú eru, 5 af hundraði af nettóágóða aðalbúsins eða útibúsins, og greiðist sá skattur 1. mars ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur. Aðrar stofnanir greiða ekki þennan skatt.

3. gr.

47
4. júní

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

LÖG

48
4. júní

um

gengisskráning og gjaldeyrisverslun.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Skipuð skal nefnd, er hafi á hendi skráningu á gengi erlends gjaldeyris og annist aðrar framkvæmdir viðvíkjandi gjaldeyrisversluninni samkvæmt lögum þessum. Ber nefndinni ennfremur, eftir því sem ástæður eru til, að gera tillögur til landsstjórnarinnar um ráðstafanir, er stefna að því að festa eða hækka gengi íslensks gjaldeyris.

2. gr.

Í nefndinni eiga sæti 3 menn. Skipar fjármálaráðherra einn nefndarmann, og sje hann formaður nefndarinnar, en hinir nefndarmennirnir skulu tilnefndir af bönkunum, sinn af hvorum. Nefndin er bundin þagnarskyldu.

3. gr.

Lögreglustjóri lætur nefndinni í tje nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru jafnskjótt og skip það, er vöruna flytur, er